



Þingskjal 3b

Breytingartillaga laga- og leikreglnanefndar 54. Körfuknattleikspings við þingskjal 3.

14. grein

FLOKKASKIPTING OG ALDUR LEIKMANNA

Aldur leikmanns miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót er honum heimilt að leika með unglingsflokki út tímabilið en flutningur milli flokka skal fara fram í september ár hvert.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna skulu gengnir upp úr 8. flokki.

Heimilt er að keppa með lið sem er kynjablandað eða skipað leikmönnum af öðru kyni frá minnibolta 10 ára upp í 9. flokk. Leikmenn þessi geta ekki keppt bæði í sama aldursflokki drengja og stúlkna.

Mótanefnd KKÍ getur leyft keppni liðs í Íslandsmóti sem er annaðhvort kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni frá minnibolta 10 ára upp í 9. flokk. Slíkt leyfi verður aðeins veitt ef félag sem óskar eftir að senda slíkt lið til keppni hefur sent inn rökstutt erindi til mótanefndar þar sem félagið hefur rökstutt með fullnægjandi hætti að mati mótanefndar að ástæða sé til að veita slíkt leyfi að teknu tilliti til meðal annars getu og/eða framþróunar liðs og/eða leikmanna sem sótt er um fyrir. Ef sótt er um slíkt leyfi fyrir lið geta leikmenn þess almennt ekki keppt bæði í flokki karla og kvenna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða. Blönduð lið eða lið af gagnstæðu kyni geta keppt á öllum mótum í tilteknum flokki nema í úrslitamótum þar sem endanlega er keppt um Íslandsmeistaratitil. Hafi slíkt lið áunnið sér sæti á slíku móti skal færa upp það lið sem næst kemur að stigum fyrir úrslitamót. Leyfi mótanefndar samkvæmt framangreindu tekur ekki til keppni í Bikarkeppnum KKÍ.

[...]

Laga- og leikreglnanefnd



Þingskjal 3c

Breytingartillaga Breiðabliks við þingskjal 3.

Ef það verður EKKI niðurstaðan, leggjum við til að aldursbilið á kynjablöndun verði fyrir 7. flokk og niður úr.

Kkd. Breiðabliks